

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 17. janúar 2018
UST201712-201/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Djúpvegur – Súðavíkurhreppur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. desember 2017 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða framkvæmdir á tveimur köflum Djúpvegar. Annars vegar um Hattardalsá og hins vegar á kaflanum frá Eyri í Seyðisfirði stöð 16700 að stöð 9780 í Hestfirði.

Á kafla liggur vegurinn um svæði nr. 313 á náttúruminjaskrá en þar verður núverandi vegi fylgt að mestu leyti þar sem hann liggur um jaðar svæðisins þannig að áhrif á svæðið verða að líkindum óveruleg.

Við ósa Hattardalsár eru leirusvæði sem að mati Rorum eru utan núverandi veglínu sem liggur hins vegar á stuttum kafla um fitjar. Efnistaka verður einungis úr vegskeringum. Aflagðir kaflar vegarins verða jafnaðir út, nema núverandi vegur og brú um Hattardalsá sem nýtast mun sem heimreið að bænum.

Umhverfisstofnun telur að þó að nýr vegur verði að mestu leyti á núverandi vegstæði mun nýr vegur þó verða nokkuð meira mannvirki og því ætti að leggja áherslu á að fella veginn vel að landi. Auk þess gætu skeringar orðið nokkuð áberandi, en unnt á að vera að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra með góðri hönnun og frágangi.

Hér er um framkvæmd að ræða sem er að mestu leyti er á svæði sem þegar hefur verið raskað með vegagerð, ræktun og beit. Með góðri hönnun og vandvirkni við frágang má draga verulega úr sjónrænum áhrifum þannig að áhrif á landslag ættu ekki að breytast mikið frá núverandi ástandi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri